

Afkoma HB Granda hf. árið 2018

Fjórði ársfjórðungur

Rekstrartekjur samstæðunnar á fjórða ársfjórðungi 2018 voru 61,5 m€, á móti 58,4 m€ á fjórða ársfjórðungi 2017.

EBITDA nam 12,7 m€ á fjórða ársfjórðungi í ár, en nam 3,4 m€ á sama tímabili 2017.

Hagnaður á fjórða ársfjórðungi var 21,0 m€ samanborið við 7,5 m€ árið áður.

Árið 2018

Rekstrartekjur ársins 2018 námu 210,7 m€, en voru 217,3 m€ árið 2017.

EBITDA ársins 2018 var 36,8 m€ (17,5%) en var 35,7 m€ (16,4%) árið áður.

Hagnaður ársins var 32,2 m€, en var 24,8 m€ árið áður.

Hagnaður á hlut var 0,018 en var 0,014 árið áður.

Rekstrarreikningur - Lykiltölur				
Í þúsundum evra	4F2018	4F2017	2018	2017
Seldar vörur	61.502	58.423	210.696	217.255
Kostnaðarverð seldra vara	(49.485)	(53.910)	(167.902)	(176.382)
Vergur hagnaður	12.017	4.513	42.794	40.873
Aðrar tekjur	11.417	9.352	12.345	10.592
Útflutningskostnaður	(3.033)	(2.989)	(10.855)	(10.945)
Annar rekstrarkostnaður	(3.670)	(3.675)	(14.146)	(10.949)
Rekstrarhagnaður	16.731	7.201	30.138	29.571
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(2.647)	(1.518)	(4.000)	(5.210)
Áhrif hlutdeildarféлага	15.067	1.905	16.967	5.037
Hagnaður fyrir tekjuskatt	29.151	7.588	43.105	29.398
Tekjuskattur	(8.153)	(62)	(10.882)	(4.571)
Hagnaður tímabilsins/ársins	20.998	7.526	32.223	24.827
EBITDA	12.658	3.435	36.773	35.730

Rekstur ársins 2018

Rekstrartekjur HB Granda hf. árið 2018 námu 210,7 m€, samanborið við 217,3 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 36,8 m€ eða 17,5% af rekstrartekjum, en var 35,7 m€ eða 16,4% árið áður. Fjármagnsgjöld voru 4,0 m€, en voru 5,2 m€ árið áður. Áhrif hlutdeildarféлага voru jákvæð um 17,0 m€, þar af var söluhagnaður að fjárhæð 14,9 m€ vegna sölu á laxeldisfélaginu Salmones Friours S.A í Síle, en áhrif hlutdeildarféлага voru 5,0 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 43,1 m€, samanborið við hagnað að fjárhæð 29,4 m€ árið áður. Tekjuskattur að fjárhæð 10,9 m€ er reiknaður samkvæmt framtali í íslenskum krónum. Hagnaður ársins varð því 32,2 m€ en var 24,8 m€ árið áður.

Meðalfjöldi ársverka árið 2018 var 773 en var 839 árið 2017. Laun og launatengd gjöld námu samtals 70,8 m€, samanborið við 73,9 m€ árið áður (9,0 milljarðar króna á meðalgengi ársins samanborið við 8,9 milljarða árið áður).

Afkoma HB Granda hf. árið 2018

Efnahagur

Heildareignir samstæðunnar námu 667,1 m€ í árslok 2018. Þar af voru fastafjármunir 550,1 m€ og veltufjármunir 117,0 m€. Eigið fé nam 279,5 m€ og var eiginfjárhlutfall 42%, en var 52% í lok árs 2017. Heildarskuldir félagsins voru í árslok 2018 387,6 m€.

Efnahagsreikningur 31.12.2018 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir	550.063	415.703
Veltufjármunir	117.003	82.389
Eignir samtals	667.066	498.092
Eigið fé	279.485	257.172
Langtímaskuldir	258.280	172.111
Skammtímaskuldir	129.301	68.809
Eigið fé og skuldir samtals	667.066	498.092

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 32,8 m€ árið 2018, en var 28,9 m€ árið áður. Fjárfestingar námu 94,9 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 82,8 m€. Handbært fé hækkaði því um 20,7 m€ og var í árslok 38,3 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur	2018	2017
í þúsundum evra		
Handbært fé frá rekstri	32.823	28.853
Fjárfestingarhreyfingar	(94.897)	(46.119)
Fjármögnunarhreyfingar	82.750	27.535
Breyting á handbæru fé	20.676	10.269
Handbært fé í árslok	38.279	17.603

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi ársins 2018 (1 evra = 127,37 ísk) verða tekjur 26,8 milljarðar króna, EBITDA 4,7 milljarðar og hagnaður 4,1 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á lokagengi ársins 2018 (1 evra = 132,86 ísk) verða eignir samtals 88,6 milljarðar króna, skuldir 51,5 milljarðar og eigið fé 37,1 milljarðar.

Skipastóll og afli

HB Grandi hf. og dótturfélagið Ögurvík ehf. gerðu út 9 fiskiskip í árslok.

Árið 2018 var afli skipa HB Granda 47 þúsund tonn af botnfiski og 120 þúsund tonn af uppsjávarfiski. Afli Vigra RE, veiðiskips Ögurvíkur, var 9,5 þúsund tonn.

Afkoma HB Granda hf. árið 2018

Önnur mál

Í árslok 2018 var gengið frá kaupum félagsins á öllu hlutafé í Ögurvík ehf. Félagið gerir út frystitogarann Vigra RE-71 og jukust aflaheimildir samstæðunnar í botnfiski um 16% við kaupin.

Félagið er með frystitogara í smíðum á Spáni og er verið að skoða sölu á honum.

Í dag hefur ekki verið gefinn út loðnukvóti fyrir árið 2019. Hafrannsóknastofnun hefur gefið út að farið verði í rannsóknarleiðangur á loðnu um eða eftir næstu helgi. Ef til þess kemur að ekki verða gefnar út aflaheimildir fyrir loðnu á þessari vertíð mun það hafa áhrif á rekstur HB Granda á árinu 2019 og þá sérstaklega á fyrsta ársfjórðungi ársins. Á árinu 2018 var velta félagsins vegna veiða og vinnslu á loðnu 18,5 m€ og EBITDA um 8,0 m€.

Aðalfundur

Aðalfundur HB Granda verður haldinn föstudaginn 29. mars í matsal félagsins við Norðurgarð í Reykjavík og hefst klukkan 17:00.

Tillaga stjórnar á aðalfundi um arðgreiðslu

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2019 verði vegna rekstrarársins 2018 greiddar 1,0 kr. á hlut í arð til hluthafa, eða 1.814 millj. kr. (um 13,7 millj. evra á lokagengi ársins 2018), eða 3,0% af markaðsvirði hlutafjár í lok árs 2018. Arðurinn verði greiddur 30. apríl 2019. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 29. mars 2019 og arðleysisdagur því 1. apríl 2019.

Arðsréttindadagur er 2. apríl 2019. Arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins í lok arðsréttindadags.

Kynningarfundur þann 28. febrúar 2019

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á fjórða ársfjórðungi verður haldinn á morgun fimmtudaginn 28. febrúar klukkan 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Guðmundur Kristjánsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum.

Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum HB Granda hf. 27. febrúar 2019. Ársreikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards) og hefur verið endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda:

„Rekstrarafkoma HB Granda var ekki ásættanleg á árinu 2018. Hagnaður fyrirtækisins hefur verið að minnka á síðustu árum vegna styrkingar íslenskrar krónu og hærri veiðigjalda. Á seinni hluta ársins 2018 veiktist íslenska krónan og það styrkir útflutningsfyrirtæki. Árið 1992 fjárfesti HB Grandi í sjávarútvegsfyrirtæki í Síle. Þetta fyrirtæki seldi laxeldisfyrirtæki sitt á síðasta ári og fékk HB Grandi töluverðan hagnað af þeirri sölu og skýrir það að hluta góða afkomu á síðasta ársfjórðungi 2018.“

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kristjánsson forstjóri, sími 550-1000

Afkoma HB Granda hf. árið 2018

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur/Birting ársskýrslu	29. mars 2019
Arðgreiðsludagur	30. apríl 2019
Fyrsti ársfjórðungur	29. maí 2019
Annar ársfjórðungur	28. ágúst 2019
Þriðji ársfjórðungur	27. nóvember 2019
Fjórði ársfjórðungur	26. febrúar 2020